




**HAFNARFJÖRÐUR**

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	8.12.2017
Málsnr:	1706086
Bréfal:	5211

Hafnarfjörður, 6. desember 2017

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfjörður

### Athugasemd við breytingu á deiliskipulagi

Undirritaður, fyrir hönd Bygðasafns Hafnarfjarðar, gerir athugasemd við auglýsta tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Austurgötu 36 í Hafnarfirði.

Umrædd lóð er á mjög viðkvæmu svæði í eldri hluta bæjarins en lagt hefur verið mikið uppúr því að vernda götumyndir á þessu svæði. Í Greinargerð með aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 14. maí 2014 segir meðal annars um byggingaarfinn: „Við varðveislu eldri byggðar er mikilvægt að varðveita samfellda byggð sem heild og halda þar með þeim einkennum, sem myndað hafa ramma um líf fyrri tíma. Stuðla ber að varðveislu, verndun eða friðun sérkenna í húsagerð og skipulagi auk annarra staðbundinna umhverfisþátta þannig að ímynd bæjarfélagsins styrkist. Hafnarfjörður statar af tiltölulega mörgum gömlum íbúðarhúsum sem ljá eldri bæjarhlutum hlýlegan blæ. /.../ Mikilvægt er að viðhalda og leggja rækt við bárujárnshúsabygðina í hrauninu sem er ein stærsta samfellda byggð sinnar tegundar í landinu.“

Í aðalskipulaginu er gerð tillaga um hverfisvernd vegna verndunar sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja og náttúruminja. Árið 2000 skipuðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði vinnuhóp til að undirbúa tillögur að húsverndarstefnu sem nýta ætti við vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Vinnuhópurinn skilaði tillögu sinni í ársbyrjun 2002. Í greinargerðinni er gerð tillaga um ákveðna vernd sem þýðir að við allar óskir um breytingar þarf að viðhafa sérstaka gát. Nánar er fjallað um hverfisvernd byggðar í fylgiskjali aðalskipulagsins „Byggð í Hafnarfirði 1920 – 2000“. Gerð var þar tillaga um verndun götumyndar Austurgötu en þar er götumyndin að mestu heilleg og ber einkenni byggingarstíls fyrri hluta síðustu aldar. „Óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki er heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa verður að taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar. Við viðhald og endurbyggingu húsa er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni.“

Þá má minna á að heilsteypt og vel varðveitt umhverfi frá fyrri tímum vekur oft áhuga ferðamanna, einkum ef hægt er að tengja það menningarsögu staðanna eða sögulegum atburðum. Vel varðveitt menningarumhverfi er því einn af þeim þáttum sem eru mikilvægir fyrir byggðaþróun. Þessu tengt þá segir í fyrrgreindri greinargerð með aðalskipulagi Hafnarfjarðar: „Hafnarfjarðarbær vill viðhalda tengslum kynslóðanna við menningarsögulega fortíð sína og uppruna með varðveislu og friðun byggingararfsins.“

Með ofangreint í huga legg ég til að allra leiða verði leitið til að vernda viðkomandi hús og gera það upp í upprunalega mynd. Ef svo ólíklega vill til að það sé ekki gerlegt legg ég til að gerð verði krafa um það í



## HAFNARFJÖRÐUR

nýju deiliskipulagi að samskonar hús og nú stendur á lóðinni verði byggt þar og tryggt að um verði að ræða bárujárnsklætt timburhús sem ekki muni á nokkurn hátt raska þeirri götummynd sem ákveðið hefur verið að varðveita við Austurgötuna og vernda þannig þann menningarsögulega arf fyrir komandi kynslóðir. Þetta er í samræmi við það sem lagt var upp með í greinargerð aðalskipulagsins, þar sem segir „Nýbyggingar í þegar byggðum hverfum taki mið af hefðum og yfirbragði nærliggjandi byggðar.“<sup>iv</sup>

Virðingarfyllt,

Björn Pétursson

Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar

<sup>i</sup> Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025, Greinargerð 19. Apríl 2014, Bls. 66

<sup>ii</sup> Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025, Greinargerð 19. Apríl 2014, Bls. 85

<sup>iii</sup> Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025, Greinargerð 19. Apríl 2014, Bls. 110

<sup>iv</sup> Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025, Greinargerð 19. Apríl 2014, Bls. 76